

stefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnanda. Málskostnaður í gagnsök fellur niður.

Dóm þennan kvað upp Kristján Jónsson borgardómari ásamt meðdómendum Guðmundi Björnssyni verkfræðingi og Sigþóri Guðjónssyni bifvélavirkja.

Dómsorð:

Aðalstefndi, Hinrik Ragnarsson, Reykjavík, greiði aðalstefnanda, Gunnari Ásgeirssyni h/f, Reykjavík, kr. 41.784.00 auk 7% ársvaxta frá 13. nóvember 1964 til janúar 1965, 6% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1966, en 8% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags, og kr. 9.000.00 í málskostnað.

Í gagnsök skal gagnstefndi, Gunnar Ásgeirsson h/f, vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Hinriks Ragnarssonar. Málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. október 1968.

Nr. 191/1968. **Halldór Gunnarsson**

gegn

Matthíasi Bjarnasyni og

Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vanhæfi dómara.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 10. október 1968 samkvæmt heimild í 21. gr., 1, a, laga nr. 57/1962, og bárust skjöl málsins Hæstarétti 23. október 1968. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðilja Matthíasi Bjarnasyni verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili Matthías Bjarnason krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Ekkert er fram komið, er leiða eigi til þess, að héraðsdómari víki sæti í máli því, sem um er að tefla, sbr. 36. gr. laga nr. 85/1936.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja Matthíasi Bjarnasyni kærumálskostnað, kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Halldór Gunnarsson, greiði varnaraðilja Matthíasi Bjarnasyni kærumálskostnað, kr. 3.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Ísafjarðar 28. september 1968.

Ár 1968, laugardaginn 28. september, var í sjó- og verzlunardómi Ísafjarðar, sem haldinn var í dómssal bæjarfógetaembættisins að Pólgötu 2 á Ísafirði af formanni dómsins, Jóh. Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar 13. september.

Mál þetta, sem var þingfest 24. 4. 1967, hefur Matthías Bjarnason alþingismaður, Ísafirði, höfðað fyrir bæjarþingi Ísafjarðar með stefnu, útgefinni 22. marz 1967, gegn Halldóri Gunnarssyni skipstjóra, Ísafirði, til greiðslu á skuld, kr. 4.992.00 auk 7% ársvaxta frá 4. janúar 1964 til greiðsludags, og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Málavextir eru þeir, að stefnandi kvaðst hafa gengið í ábyrgð fyrir stefnda á greiðslu farseðils með Loftleiðum h/f frá Reykjavík—Oslo—Bergen—Reykjavík, útgefins 3. október 1963, fyrir konu stefnda. Stefndi greiddi ekki farseðilinn, og varð því stefnandi að gera það eftir kröfu umboðsmanns Loftleiða h/f á Ísafirði 6. janúar 1964 með kr. 4.992.00, sem er stefnukrafan.

Stefndi telur hins vegar, að hann eigi ekki að greiða stefnukröfuna. Beri Djúpbátnum h/f að gera það og krefst því sýknu á þeirri forsendu, að kröfunni verði skuldajafnað við inneign, sem hann telur sig eiga hjá Djúpbátnum h/f.

Málið var 13. 9. s.l. flutt úr bæjarþingi í þennan dóm.

Í þinghaldi 13. september s.l. gerði umboðsmaður stefnda þá

kröfu, að hinn reglulegi formaður dómsins víki sæti í þessu máli, og byggði kröfu sína á því, að formaður dómsins hefði gerzt sekur um trúnaðarbrot gagnvart sér með því að leggja fram í málinu einkabréf, dómsskj. nr. 8. Enn fremur taldi hann formann dómsins viðriðinn málið sem aðalmann í stjórn Djúpbátsins h/f, en í málinu: Djúpbáturinn h/f gegn Halldóri Gunnarssyni sé umbjóðandi hans skuldfærður Djúpbátnum h/f um umstefnda fjárhæð, sbr. dómsskj. nr. 3 í því máli, sem rekið er hér fyrir sama dómi, 5. tl., sbr. dskj. nr. 10.

Umboðsmaður stefnanda mótmælti þessari kröfu og taldi, að Djúpbátnum h/f væri þetta mál algerlega óviðkomandi, enda hafi hin umstefnda upphæð verið dregin út úr bókum Djúpbátsins h/f og viðskiptareikningi stefnda, eins og dskj. nr. 10 beri með sér.

Enn fremur hélt hann því fram, að hér væri ekki um trúnaðarbrot að ræða og enda þótt svo væri, snerti það ekki efni þessa máls.

Bréf umboðsmanns stefnda, dags. 29. 1. 1968, er á dskj. nr. 8. Þar segir, að þetta mál verði ekki dæmt nema í nánú sambandi við málið: Djúpbáturinn h/f gegn Halldóri Gunnarssyni. Af þeim sökum virðist honum rétt, að formaður dómsins víki sæti ex officio. Leiðbeiningu þessa til formanns dómsins hefur lögmaðurinn merkt: Trúnaðarmál.

Ekki verður séð, að í þessu máli hafi stofnast neitt trúnaðarsamband milli formanns dómsins og lögmannsins, sem valda ætti, að hann víki sæti í málinu. Trúnaðarmálið virðist einhliða athöfn lögmannsins.

Á dskj. nr. 10 í máli þessu eru færðar fjárhæðir vegna ýmiss kostnaðar, sem greiddur var fyrir stefnda, er hann fór erlendis ásamt konu sinni haustið 1963. Þar á meðal er umstefnd fjárhæð færð sem fargjald fyrir frúna með Loftleiðum h/f.

Fyrir aftan fjárhæðina er sett mínusmerki, og síðan er sama fjárhæð færð neðar á dskj. merkt M. Bj. (Matthías Bjarnason), stefnanda í málinu, og er skuld stefnda við Djúpbátinn h/f þar talin kr. 14.088.88.

Audsætt er af þessari sundurliðun, að stefnandi telur stefnu-fjárhæðina ekki koma Djúpbátnum h/f við, og verður að fallast á það, enda er þessi greiðsla fyrir fargjald konu stefnda, sem ekki fór í erindum Djúpbátsins h/f erlendis með ábyrgð stefnanda þessa máls. Stefndi fór þessa ferð til Noregs til þess að sækja skip fyrir Djúpbátinn h/f.

Þótt formaður dómsins eigi sæti í stjórn Djúpbátsins h/f af hálfu sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu, sem er hluthafi í félaginu, þá verður ekki fallizt á, að hann skuli víkja sæti í þessu máli, þar sem engin þau tengsl eru milli félagsstjórnarinnar og þessa máls, er valda ætti því. Er hér um að ræða persónulegt samband milli stefnanda og stefnda, eins og fram kemur einnig á dskj. nr. 4, yfirlýsingu umboðsmanns Loftleiða h/f á Ísafirði. Þar segir, að stefnandi hafi ábyrgzt greiðslu farseðils konu stefnda og að stefnandi hafi sjálfur greitt umboðsmanni farseðilinn.

Samkvæmt framansögðu verða kröfur lögmanns stefnda ekki teknar til greina.

Ályktarorð:

Formanni dómsins ber ekki að víkja sæti í máli þessu.

Föstudaginn 1. nóvember 1968.

Nr. 72/1968. **Fjöliðjan h/f**
 gegn
Birni Hermannssyni.

Útivistardómur. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Fjöliðjan h/f, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Einnig greiði hann stefnda, Birni Hermannssyni, sem sótt hefur dómþing í málinu og krafizt ómaksbóta, kr. 4.000.00 í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.
